

Fundargerð

42. fundur erfðanefndar landbúnaðarins
Haldin á TEAMS 21. október 2022 kl. 9:00 – 10:00

Mættir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Leó Alexander Guðmundsson (LAG), Járngerður Grétarsdóttir (JG), Steinunn Garðarsdóttir (SG) boðaði forföll. Þorvaldur Kristjánsson (ÞK).

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fund. Eitt mál var á dagskrá.

1. Innflutningur á frjóeggjum hæsnastofnanna „Tverrstripet Plymouth Rock“ (hænulína) og „Rhode Island Red“ (hanalína) frá Noregi.

Nefndinni barst fyrirspurn frá Matvælastofnun í tölvupósti þann 5. október um meirihlutaálit nefndarinnar.

Álit meirihluta nefndarinnar var á þá leið að með innflutningi þessara kynja þá myndi aukast hætta á innblöndun og útpynningu íslenska hæsnastofnsins, svokallaðara landnámshænsna. Þar að auki geti innflutningur á samnytja stofnum leitt til fækkunar stofns íslensku landnámshænnar.

Afgreiðsla: BKB falið að gera uppkast að svari til Matvælastofnunnar.

Fundi slitið